

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar 2005-2025, íbúðarsvæði, Mjósundi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. september 2013 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar 2005-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 21. ágúst 2013. Niðurstaða bæjarstjórnar var auglýst 29. ágúst 2013.

Í breytingunni felst að um 1.200 m<sup>2</sup> stofnanasvæði er breytt í íbúðarsvæði með nýtingarhlutfall 0,45 fyrir 3 íbúðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 5. september 2013.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 14. október 2013